

Minningarsjóður frú Sigríðar Magnúsdóttur.

Prófessor, dr. *Ólafur Lárusson* stofnaði sjóð við háskólann með bréfi 9. maí 1958 með 12.000 kr. framlagi til minningar um konu sína, frú *Sigríði Magnúsdóttur*, og skal af tekjum hans styrkja efnilega kvenstúdenta, einkum í lögfræði.